



Golfklúbbur Skagafjarðar

Meistaramót GSS

Reglur og framkvæmd

1. gr. – Almennt

Golfklúbbur Skagafjarðar stendur fyrir Meistaramóti GSS. Meistaramótið fer fram í byrjun júlí ár hvert og þátttökurétt hafa þeir félagsmenn í GSS sem gengið hafa frá greiðslu félagsgjalds.

2. gr. – Flokkaskipting og skipulag.

Meistaramót GSS er leikið í eftirfarandi flokkum og með eftirfarandi leikfyrirkomulagi:

Karlaflokkar				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur	9,9 eða lægra í forgjöf	Hvítur	72	Höggleikur
1. flokkur	10 - 22 í forgjöf	Gulur	72	Höggleikur
2. flokkur	22,1-36 í forgjöf	Gulur	75	Punktakeppni
3. flokkur	36,1 eða hærra í forgjöf	Rauður	54	Punktakeppni
Öldungaflokkur	60 ára eða eldri	Rauður	54	Höggleikur m/ forgjöf

Kvennaflokkar				
Flokkur	Forgjöf	Teigur	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur	14 eða lægra í forgjöf	Blár	72	Höggleikur
1. flokkur	14,1 - 24 í forgjöf	Rauður	72	Höggleikur
2. flokkur	24,1-36 í forgjöf	Rauður	75	Punktakeppni
3. flokkur	36,1 eða hærra í forgjöf	Rauður	54	Punktakeppni
Öldungaflokkur	60 ára eða eldri	Rauður	54	Höggleikur m/ forgjöf

Mótsstjórn getur heimilað kylfingum að leika einn flokk upp fyrir sig óski þeir þess. Beiðni um tilfærslu milli flokka verður að berast mótsstjórn minnst 48 tímum fyrir fyrsta rástíma. Aldurstakmark er 16 ár í meistaramót fullorðinna, þeir sem eru yngri en 16 ára og hafa náð forgjafatakmarki sem sett eru í 1. flokki karla og kvenna hafa leikheimild í mótinu.

Mótsstjórn hefur heimild til þess að sameina eða fella niður keppni í flokki ef færri en fimm eru skráðir til leiks í flokki.

3. gr. – Skráning og skráningarfrestur

Skráning í Meistaramót GSS fer fram í skráningarkerfi golf.is. Skráningarfrestur er til klukkan 20:00 síðasta fimmtudag fyrir mót. Mótsstjórn er heimilt að taka við skráningum sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn ef pláss er innan þeirra ráshópa sem flokknum hefur verið úthlutað

4. gr. – Rástímar

Rástímaáætlun fyrir mótið í heild sinni skal birt með viku fyrirvara. Rástímaáætlun er síðan uppfærð þegar skráningu í mótið lýkur. Rástímar 1. keppnisdags eru birtir daginn eftir að skráningarfrestur rennur út. Rástímar næstu keppnisdaga á eftir eru birtir eftir að allir keppendur sem leika eiga þann daginn hafa lokið leik daginn á undan. Raðað er handahófskennt í ráshópa á fyrsta keppnisdegi hvers flokks. Að loknum fyrsta hring er raðað eftir skori og sæti í flokk, þar sem neðstu sætin fara í fyrsta ráshóp og síðan koll af kolli.

5. gr. – Bráðabani og umspil

Verði skor jöfn um 1. 2. eða 3. sæti án forgjafar skal leika þriggja holu umspil á 5. 6. og 9. braut til úrslita. Fáist ekki niðurstaða eftir umspil leika keppendur bráðabana. Bráðabana í öllum flokkum fara fram á 9. braut í þar til úrslit eru fengin. Mótsstjórn mun auglýsa tímasetningu umspila og bráðabana. Mæti leikmenn ekki á teig þegar umspil eða bráðabani á að fara fram telst leikurinn tapaður fyrir þá leikmenn. Verði skor jöfn í punktakeppni eða forgjafarkeppni ráðast úrslit í skrifstofubrúðabana í samræmi við golfreglur.

6. – Verðlaun og lokahóf

Lokahóf Meistaramóts GSS fer fram að kvöldi síðasta keppnisdags, almennt á laugardagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum